



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til um breytingu og lögum um aðför, nr. 90/1989 og lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, ásamt síðari breytingum (stafræn málsmeðferð) DMR22080193
Ráðuneyti	Dómsmálaráðuneyti
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	17. febrúar 2023

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

- 1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs**
 - a) Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?
Unnin verður kostnaðaráætlun m.a. með forriturum Réttarvörslugáttarinnar þar sem tæknileg útfærsla Réttarvörslugáttarinnar (vefgátt til stafrænnar meðferðar sakamála, t.a.m. beiðni um gæsluvarðhald, útgáfu ákæru o.fl.) nýtist í útfærslu fyrir vefgátt fjárnámsmála og nauðungarsöllumála, sem áformað er að verði samskiptavettvangur samkvæmt lagaáformunum.
 - b) Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum. Á ekki við.
 - c) Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?
Fjárhagsáhrifin felast í stofnkostnaði og til lengri tíma litið í tímasparnaði starfsmanna sýslumannsembættis og dómstóla ef þau embætti nýta heimild til stafrænnar málsmeðferðar í fjárnámsmálum og nauðungarsöllumálum til hins ýtrasta.
 - d) Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvarar sem geta haft áhrif á útgjaldaþróun. Á ekki við.
 - e) Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlið og gjaldahlið en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu. Á ekki við.
- 2. Tekjubreytingar**
Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið, verði það að lögum hafi áhrif á tekjuhlið ríkissjóðs.
- 3. Útgjaldabreytingar**
Kostnaðaráhrif frumvarpsins á ríkissjóð felast í gerð vefgáttar, sem er ætlað að vera samskiptavettvangur milli gerðarbeiðanda annars vegar og sýslumanna og dómstóla hins vegar auk þess að vera upplýsingavettvangur fyrir gerðarpóla. Þá felst kostnaður einnig í að koma á tengingu vefgáttar og starfakera sýslumannsembættis og dómstóla sem og miðlægs stafræns pósthólfs Island.is. Ekki er þörf á nýsmíði tölvukerfis frá grunni heldur nýtist kerfisgerð Réttarvörslugáttar og tengingar hennar í kerfi dómstóla og stjórnvalda með aðlögun m.t.t. fjárnámsmála og nauðungarsöllumála.
- 4. Eignabreytingar**
Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið, verði það að lögum hafi áhrif á eignastöðu ríkissjóðs.
- 5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál**

- a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum
- b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál
- c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs
- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur
- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi
- f) Opinber innkaup og útboð
- g) Eignaumsýsla ríkisins
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna
- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:
 - a) í gildandi fjárlögum. *Nei*
 - b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs. *Nei*
 - c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. *Nei*
2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?

Umsókn var lögð til Verkefnastofu um Stafrænt Ísland um Verkefnið: „Fjárnámsmál og nauðungarsölur í stafrænt ferli“ í lok september 2022. Í framhaldi af því bauð Verkefnastofa um Stafrænt Ísland til frekari samræðna, sem var frestað af hálfu dómsmálaráðuneytis þar til að skýrar tillögur lægju fyrir um hvernig stafrænni málsmeðferð fjárnámsmála og nauðungarsölumála yrði háttáð. Gert er ráð fyrir að mögulegur kostnaður sem falla kann á dómsmálaráðuneytið rammist innan útgjaldaramma viðkomandi málefnasviðs.

3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu? *Nei*

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið. *Á ekki við.*
2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnarsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999. *Á ekki við.*
3. Samkeppnisskilyrði
 - a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta). *Nei.*
 - b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja). *Nei.*
 - c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd. *Nei.*
 - d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda samkeppni með virkum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin

samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum). *Nei.*

D. Önnur áhrif

1. **Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.** *Nei, áform um lagasetningu um stafræna málsmeðferð í fjárnáms- og nauðungarsölumálum hafa ekki áhrif á fjárhag sveitarfélaga.*
2. **Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).** *Nei.*
– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011
3. **Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.** *Nei.*
– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011
4. **Áhrif á byggðalög.** *Nei.*
5. **Áhrif á frjáls félagasamtök.** *Nei.*
6. **Áhrif á jafnrétti kynjanna**
Talið er að frumvarpið kunnir með tímanum að hafa mismunandi áhrif á stöðu kynjanna þar sem það kann að draga úr verkefnum skrifstofufólks varðandi margskráningar, bréfaskipti og utanumhald pappírsgagna í fjárnáms- og nauðungarsölumálum. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum mun í ársbyrjun 2021 fjöldi starfsmanna sýslumannsembættanna hafa verið um 225. Hlutfallsskipting skrifstofufólks var 11% karlar og 89% konur, meðan skiptingin var hjá háskólamenntuðum var 55% karlar og 45% konur. Af áformum um lagasetningu kann að leiða að stafræn málsmeðferð og þróun kalli frekar á háskólamenntun og mun því hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna aukast. Þau áhrif kunna að verða með tímanaum að kynjahlutfall hjá sýslumannsembættum verði jafnara en nú er, en hlutfallsskipting allra starfsmanna var á árinu 2022 18% karlar á móti 82% konum.
7. **Áhrif á lýðheilsu.** *Nei.*
8. **Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.** *Sjá 6.tl.*
9. **Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.** *Nei.*
10. **Áhrif á stjórnarsýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.**
Stafræn málsmeðferð fjárnáms- og nauðungarsölumála er að mestu hjá sýslumannsembættum og hefur á sl. þremur árum verið unnið markvisst að innleiðingu stafrænna þjónustuleiða embættanna og stöðugt bætast við nýjar stafrænar þjónustur. Dómstólar vinna nú í Réttarvörslugáttinni í tilteknum málaflokkum sakamála og láta vel af þeirri reynslu.
11. **Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.** *Nei.*
12. **Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.** *Nei.*

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. **Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.**
Stofnkostnaður felst í að aðlaga útfærslu Réttarvörslugáttarinnar að fjárnáms- og nauðungarsölumálum og koma á tengingum við starfakerfi sýslumanna, en tengingar við dómstólana eru þegar fyrir hendi. Þá þarf að koma á tengingu Réttarvörslugáttarinnar við miðlægt pósthólf í miðlægri þjónustugátt Island.is og nýtist sú tenging bæði fyrir sakamál og fjárnáms- og nauðungarsölumál. Til lengri tíma litið verður tímasparnaður hjá starfsmönnum sýslumannsembættanna og dómstóla, sem ræðst af því í hversu miklu mæli heimildin til

stafrænnar málsmeðferðar verður nýtt, en núgildandi málsmeðferð verður áfram fyrir hendi í lögum.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á. *Nei.*
3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat)

Frumvarpið felur í sér samfélagslegan ávinning þar sem meðferð fullnustumála verður skilvirkari, það dregur úr vinnuálagi aðallega hjá sýslumannsembættum en einnig hjá dómstólum m.a. með því að komist verður hjá margskráningum, umfang pappírsskjala minnkar og fyrirtökum fækkar. Frumvarpið mun því hafa jákvæð áhrif á umferð, kolefnislosun og tímanotkun málsaðila og umboðsmanna þeirra.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?
2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?
3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?